

#### 4. fundur

7. júní 2017  
1703036SA IRÓ  
Málalykill: 16.10

### Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 7. júní 2017. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 08:30.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir (í síma), Guðbjörn Arngrímsson (í síma), Ásbjörn Sigurðsson (í síma), Karl Rúnar Þórsson (í síma) og Garðar Hilmarsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

#### **Petta gerðist:**

##### **1. Trúnaðarlæknir**

Umræður um hlutverk trúnaðarlækna. Fulltrúar SNS lögðu fram eftirfarandi lista yfir hlutverk trúnaðarlækna sem má finna á heimasíðu Læknafélag Íslands:

<http://www.lis.is/sidfraedi/umsagnir%20sidfraedirads/nanar/4919/trunadarlaekningar>

##### **2. Tilkynning veikinda.**

Umræður um tilkynningu á veikindaforföllum til yfirmanns og þriðja aðila.

Nokkur sveitarfélög hafi sett viðmiðunarreglur um hvernig starfsmönnum beri að tilkynna veikindi, sem fela í sér að veikindaskráning og móttaka veikindatilkynninga skuli fara í gegnum fyrirtækið Vinnuvernd og að auki næsta yfirmann/sveitarfélagið. Nokkur stéttarfélög hafa gert athugasemdir við þessa framkvæmd og telja hana brot á kjarasamningum og auk þess að vera íþyngjandi fyrir starfsmenn.

Niðursstaða var að SNS ræði við viðkomandi sveitarfélög.

##### **3. Næsti fundur samráðsnefndar**

Ákveðið var að halda næsta fund samráðsnefndarinnar þann 15. ágúst kl. 9:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.